

61. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 1.6. 2021, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Kjör oddvita og varaoddvita til eins árs
2. Umhverfisstyrkir
3. Byggðakjarni á Hjarðarbóli skipulagsgerð
4. Endurskoðun stjórnar og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs
5. Fundargerðir:
 - a. Samfélagsnefnd 29.4.2021
 - b. Ferðaklasi upphéraðs 3.5.2021
 - c. Stjórn Árssala 17.5.2021
 - d. SSA 12.2 og 19.3. 2021
 - e. Austurbrú 12.2 og 19.3. 2021
 - f. Svæðisráð Vatnajökulspjóðgarðs 8.4.2021 og 28.4.2021
 - g. Skipulags-og byggingarnefndar 31.5.2021
6. Ársreikningur SSA 2020
7. Fjárhagsáætlun SSA 2021
8. Fjarbeiðni frá Rotaryklúbbi Héraðsbúa.
9. Skýrsla sveitarstjóra
10. Önnur mál:

1. Kjör oddvita og varaoddvita til eins árs

Áður en atkvæðagreiðsla hófst baðst Gunnþórunn undan því að vera í framboði.

Atkvæði féllu eftirfarandi í kosningu til oddvita:

Jóhann	3
Lárus	1
Eiríkur	1

Atkvæði féllu eftirfarandi í kosningu til varaoddvita:

Lárus	4
Jóhann	1

2. Umhverfisstyrkir

Alls bárust inn 25 umsóknir um umhverfisstyrk sem liggja fyrir fundinum ásamt gögnum sem með fylgdu. Umsóknirnar voru allar metnar styrkhæfar samkvæmt reglum um Umhverfisstyrk Fljótsdalshrepps.

Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 30.000.000 kr. í umhverfisstyrki. Heildarfjárhæð umsókna var töluvert yfir þeirri fjárhæð og var af þeim sökum kosið um hvort og hve mikið ætti að hækka framlag sveitarsjóðs. Jóhann bar upp tillögu Lárusar um að hámarksstyrkur yrði 2.000.000 kr. á umsókn sem hefði í för með sér hækun um 20.000.000 kr. miðað við fjárhagsáætlun. Atkvæði féllu eftirfarandi:

Samþykkt af Jóhanni, Eiríki og Lárusi. Gunnþórunn og Anna Jóna greiddu atkvæði á móti og vildu að hámarksstyrkur yrði 3.000.000 kr.

Jóhann óskaði eftir að eftirfarandi væri bókað sem er úr samþykktum reglum um umhverfisstyrki nánar tiltekið 2. mgr. 6. gr. en þar segir:

Sveitarstjórn tekur afstöðu til umsókna og fjárhæðar einstakra umhverfisstyrkja með hliðsjón af hámarksfjárhæð sbr. 5. gr. áætlaðri heildarfjárhæð viðkomandi árs og fjölda og umfangi styrkhæfra umsókna.

Gunnþórunn vísaði í 1. mgr. 5. gr. reglnanna þar sem segir:

Fjárhæð umhverfisstyrks til hvers umsækjanda sbr. 1. mgr. 3. gr. getur að hámarki verið kr. 3.000.000 á ári.

Sveitarstjórn samþykkti að veita 25 umhverfisstyrki vegna ársins 2021, hver að fjárhæð 2.000.000 kr., svo sem nánar greinir í yfirliti sem liggur fyrir fundinum.

3. Byggðakjarni á Hjarðarbóli skipulagsgerð

Bréf frá Gunnari Gunnarssyni og Ann-Marie Schultz dagsett 31.5.2021 barst stuttu fyrir fund var tekið með í umræðum um málið.

Sveitarstjóra falið að afla upplýsinga málið og stefnt er á aukafund sveitarstjórnar í næstu viku til að ljúka afgreiðslu.

4. Endurskoðun stjórnar og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs

Kynnt sveitarstjórn og tillagan er að fara í auglýsingaferli þar sem hægt verður að gera athugasemdir. Tillagan er aðgengileg til og með 9. ágúst 2021 og eru áhugasamir hvattir til að kynna sér efni hennar

https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/static/files/Stjornsysla/SOGV/3_utgafa_2021/brEytingatillaga-04-til-auglysingar-i-mai-2021.pdf .

5. Fundargerðir:

- a. Samfélagsnefnd 29.4.2021
Kynnt, varðandi framkvæmdir við Hengifoss þá hefur Ingimar Jóhannsson einungis umsjón með framkvæmdum er varða stígagerð og byggingu göngubrúa.
- b. Ferðaklasi upphéraðs 3.5.2021
Kynnt
- c. Stjórna Árssala 17.5.2021
Kynnt
- d. SSA 12.2 og 19.3. 2021
Kynntar
- e. Austurbrú 12.2 og 19.3. 2021
Kynntar
- f. Svæðisráð Vatnajökulspjóðgarðs 8.4.2021 og 28.4.2021
Kynntar
- g. Skipulags-og byggingarnefndar 31.5.2021
Afgreiðslu frestað til næsta fundar

6. Ársreikningur SSA 2020

Kynnt

7. Fjárhagsáætlun SSA 2021

Kynnt

8. Fjárbeiðni frá Rotaryklúbb Héraðsbúa

Samþykkt að styrkja umdæmisþingið um 200.000 kr..

9. Skýrsla sveitarstjóra

-Erindi frá félagsmálastjóra samningur. Verður haft samband við Múlaping um hann.

-Aðalbók til kynningar

-Sagt frá gagnvirkum drónamyndum sem gerðar hafa verið af Borgarfirði. Ferðamálnefnd mælir með að svipað verkefni verði gert í Fljótssdal. Skoða á kostnað.

-Starfshópur Landsvirkjunar „Margar hendur vinna létt verk“ er að hefja verkefni í Fljótssdal.

-Fljótssdalsáætlun 50 ára (Í fyrra) Sveitarstjórn fagnar því ef skógarbændur taka sig saman og halda upp á afmælið og hefur hug á að styðja við það ef eftir því verður leitað.

-Aðalfundur sambands sveitarfélaga sveitarstjóri og varaoddviti sátu fundinn

-Samgönguráð bréf til Þórunnar, kynnt.

-Þjónustuhús Hengifoss, sagt frá stöðunni.

10. Önnur mál:

Sveitarstjóra falið að taka saman tölur varðandi orkukostnað í Végarði og kynna fyrir sveitarstjórn.

Fundi slitið klukkan 18:40

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Jóhann F. Þórhallsson

Anna Jóna Árnarsdóttir

Eiríkur J. Kjerúlf

Gunnþórunn Ingólfssdóttir

Lárus Heiðarsson